

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir greiddra bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, annarra en tekjutryggingar og heimilisuppbótar skv. 19. gr. þeirra laga, skulu hækka frá 1. janúar n.k. að telja um 5% frá því, sem þær eru hinn 31. desember 1987.

Upphæðir tekjutryggingar og heimilisuppbótar skulu hækka frá sama tíma um 8% frá því, sem þær eru hinn 31. desember 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 463/1984, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum vegna endursendingar, eyðileggingar, skemmda, rýrnunar eða vöntunar á innfluttum vörum.

1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Lögð sé fram hjá viðkomandi tollýfirvaldi skrifleg beiðni á þar til gerðu eyðublaði um tollskoðun á þeirri vöru sem senda á til útlanda, svo og viðurkenning eða skrifleg beiðni hins erlenda seljanda um endursendingu hennar, ásamt nauðsynlegum tollskjölum hafi þau ekki þegar verið afhent.

Beiðni um tollskoðun skal leggja fram í tvíriti og skal sá sem skoðunar óskar halda afritinu/ljósritinu eftir með stimpli tollgæslunnar sem kvittun fyrir því að beiðnin hafi verið lögð fram.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 113. gr. tollalaga, nr. 55/1987, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. desember 1987.

F.h.r.

Lárus Ögmundsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.